

Samantekt

Eftirlitsmaður Matvælastofnunar, Jónína Guðmundsdóttir, framkvæmdi eftirfylgni eftirlit á tímabilinu 21. apríl - 7. maí 20206, vegna frávik í eftirlitsskýrslu stofnunarinnar dags. 11. ágúst 2025.

Í fyrrnefndri eftirlitsskýrslu voru tvö alvarleg frávik er vörðuðu þjálfun starfsfólks og innra eftirlit, og fjögur frávik er vörðuð eldisbúnað utan eldissvæðis, gæðahandbók, viðbragðsáætlanir og sannprófun.

Samkvæmt tímasettri úrbótaáætlun eftirlitsþega átti úrbótum að vera lokið.

Óskað var eftir gögnum frá eftirlitsþega með tölvupósti. Göngin bárust og voru yfirfarin á skrifstofu.

Að eftirfylgni eftirliti er ljóst að eftirlitsþegi hefur lagfært öll alvarleg frávik og frávik að undanskildu einu frávik er varðar eldisbúnað utan eldissvæðis. Það frávik stendur því áfram í eftirlitsskýrslu þessari.

Matvælastofnun kallar eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna úrbóta fráviksins.

Frávik	Úrbótafrestur
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Eldissvæði	Næsta skoðun

Viðstödd heimsókn Kaldvík hf.

Kennitala viðtakenda 520412-0930

Skoðunarmaður Jónína Guðmundsdóttir

Tölvupóstur mast@mast.is

Undirbúningur 0 klst.

Frágangur 1 klst.

Tímar við úttekt 2 klst.

Akstur 0 klst.

Eldra frávik í eftirlitsskýrslu dags. 20. júní 2025:

Hlut búnaðar á eldissvæðinu Glímeyri er utan skilgreinds eldissvæðis en skv. 30. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 skal búnaður sjókvíaeldisstöðva vera innan eldissvæðis.

Skráning í eftirfylgni með eftirfylgnieftirliti:

Matvælastofnun kallaði eftir upplýsingum um hvort eldisbúnaður á Glímeyri hafi verið færður þannig að hann sé innan eldissvæðis. Engin svör bárust frá eftirlitsþega og lítur Matvælastofnun svo á að búnaðurinn hafi ekki verið færður. Frávikið stendur því enn.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Niðurlag

Þann 07/05/2026 fór fram eftirfylgniskoðun og var skýrsla send viðtakanda 07/05/2026. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 1 skoðunaratriði, þar af 0 alvarleg frávik og 1 frávik.

Nánari útlistun á skoðunaratriðum má finna í [eftirlitshandbókum](#) Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Island.is.

[Lagagrunnur eftirlits](#)

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Eldissvæði